

23. júlí 1981.

533

Nr. 340.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 442/1977 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða.

### 1. gr.

Við 11. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

#### Snyrting og frágangur á hrossakjöti.

I. Skrokkurinn skal klofinn að endilöngu, nákvæmlega í miðjum hrygg.

II. Fjarlægja skal:

- a) hálsæðar og gæta þess að nema burtu blóðlifrar við stungusár og á hálsi,
- b) fitu úr brjóst- og kviðarholi og skal þess sérstaklega gætt að hreinsa vandlega burtu nýrnamör og fituhellu innan á magál,
- c) þind,
- d) mænu,
- e) júgur af öllum hryssum nema folöldum,
- f) getnaðarlim að rótum aftan við lifbein,
- g) makka.

Fyrir kælingu skal bóghinda alla hrossakjötsframparta. Þegar skrokkarnir eru hlutaðir í fjórðunga, skal láta þrjú rifbein fylgja afturparti. Afturfjórðungar skulu hengdir upp á hækli til kælingar og frystingar, en framfjórðungar skulu hengdir upp á lykkju, sem brugðið er um öftustu rifbeinin uppi við hryggvöðva.

### 2. gr.

16. gr. orðist þannig:

Merkimiða skal festa tryggilega á hvern skrokk eða hluta úr skrokk við gæðamat. Á miða skal prenta skýrum stöfum nafn eða skammstöfun sláturleyfishafa og númer sláturhúss þar sem slátrað er, ásamt tegundaheiti kjötsins og gæðaflokksmerki.

Nafn kjötskoðunarlæknis skal ritað eigin hendi á miðana eða þrykkt á með eiginhandarstimpli til sönnunar því að heilbrigðisskoðun hafi verið fullnægt. Á útflutningskjöti skal einnig vera firmamerki útflytjanda, sé sláturleyfishafi það ekki sjálfur.

Sama merking gildir um aðrar sláturfjárafurðir en kjöt, eftir því sem við á og við verður komið. Á merkimiða skal einnig stimpla viðeigandi ártal og mánaðartal þegar gripnum er slátrað.

### 3. gr.

21. gr. orðist þannig:

Kjöt af hrossum skal meta og merkja sem hér segir:

**1. Folaldakjöt.**

- a) FO I, skrokka af folöldum allt að árgömlum, vel holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt skal ekki vera meiri en 1,5 cm.
- b) FO II, skrokka af folöldum allt að árgömlum, vel holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt yfir 1,5 cm.

**2. Trippakjöt.**

- a) TR I., skrokka af trippum 1 til 2ja ára, vel holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt skal ekki vera meiri en 2 cm.
- b) TR II., skrokka af trippum 1 til 2ja ára, vel holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt 2 til 3 cm.

**3. Unghrossakjöt.**

UH I., skrokka af hrossum 3ja til 6 ára, vel holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt skal ekki vera meiri en 3 cm. Hross á þessum aldri með meiri fituþykkt flokkast í Hr. flokka eftir fitumörkum sem þar gilda.

**4. Hrossakjöt.**

- a) HR I., skrokka af hrossum eldri en 6 ára, sæmilega holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt allt að 3 cm.
- b) HR II., skrokka af hrossum eldri en 6 ára, sæmilega holdfylltum og gallalausum í útliti. Fituþykkt 3 til 5 cm.
- c) HR IIIO., skrokka af trippum, unghrossum og öllum hrossum eldri en 6 ára, sem eru með meiri fituþykkt en 5 cm.
- d) HR III., skrokka af folöldum, trippum, unghrossum og öllum hrossum eldri en 6 ára, mjög vöðvarýra og magra, marða og limhöggna og með verulegum verkunargöllum. Í þennan flokk skal einnig setja skrokka af hrossum á öllum aldri, sem merktir hafa verið með heilbrigðisstimpli 2 við lækni skoðun.

**Fitumæling.**

Kjötið skal fitumælt samkvæmt reglum, sem kjötmatsformaður setur.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. júlí 1981.*

**Pálmi Jónsson.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*

**AUGLÝSING**

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1981.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1981: